

**Umhverfis- og tæknisvið  
Uppsveita bs.**

**Ársreikningur 2025**

## **Efnisyfirlit**

**bls.**

Skýrsla stjórnar .....	<b>2</b>
Áritun óháðs endurskoðanda .....	<b>3 - 4</b>
Rekstrarreikningur .....	<b>5</b>
Efnahagsreikningur .....	<b>6 - 7</b>
Sjóðstreymi .....	<b>8</b>
Skýringar .....	<b>9 - 13</b>

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita bs.  
Kennitala 580209-0170  
Hverabraut 6, 840 Laugarvatni

# Skýrsla stjórnar

## Meginstarfsemi félagsins

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita bs. er byggðasamlag í eigu Bláskógarbyggðar, Ásahrepps, Flóahrepps, Grímsnes- og Grafningshrepps, Hrunamannahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Byggðasamlaginu er ætlað að sjá um skipulagsmál, byggingarmál og halda utan um rekstur og fjárhagsleg málefni seyruverkefnis sveitarfélaganna. Kostnaði við rekstur byggðasamlagsins er skipt á milli sveitarfélaganna í samræmi við samþykkt byggðasamlagsins frá 15. desember 2021 og breytingum á samþykkt fyrir Umhverfis- og tæknisvið uppsveita bs., nr. 35/2022. frá 18. júní 2024.

## Starfsemin á árinu

Byggðasamlagið greiddi 155,6 m.kr. í laun og 39,3 m.kr. í launatengd gjöld á árinu. Á árinu voru stöðugildi um 10,5.

Það er álit stjórnar byggðasamlagsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu samlagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun samlagsins, komi fram í ársreikningnum.

## Framtíðaráform

Gert er ráð fyrir að rekstur félagsins verði með svipuðu sniði og verið hefur.

## Atburðir eftir lok reikningsskiladags

Frá lokum reikningsárs fram að áritunardegi hafa ekki orðið neinir atburðir sem hafa haft verulega þýðingu á fjárhagslega stöðu félagsins á reikningsskiladegi.

## Ráðstöfun hagnaðar

Stjórnin vísar til ársreikningsins varðandi meðferð rekstrarniðurstöðu og annarra breytinga á eigin fé.

## Eignaraðild

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita bs er byggðasamlag í eigu sveitarfélaga á Suðurlandi.

Stjórn Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita bs. staðfestir hér með ársreikning byggðasamlagsins fyrir árið 2025 með áritun sinni. Ársreikningurinn er undirritaður rafrænt og eru undirritanir stjórnar aftast í ársreikningnum.

Laugarvatni, 6. maí 2026

Stjórn byggðasamlagsins:

# Áritun óháðs endurskoðanda

## Til stjórnar og eigenda Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita bs.

### Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita bs. fyrir árið 2025, að undanskilinni skýrslu stjórnar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu byggðasamlagsins á árinu 2025, efnahag þess 31. desember 2025 og breytingu á handbæru fé á árinu 2025, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

### Ársreikningurinn innifelur

- Skýrslu stjórnar.
  - Rekstrarreikning ársins 2025.
  - Efnahagsreikning 31. desember 2025.
  - Sjóðstreymi ársins 2025.
  - Skýringar, sem innifela helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.
- Skýrsla stjórnar er undanskilin endurskoðun, sbr. kafla um aðrar upplýsingar.

### Grundvöllur álits

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrð í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda.

### Óhæði

Við erum óháð byggðasamlaginu samkvæmt ákvæðum laga um endurskoðendur og endurskoðun og siðareglna sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi byggðasamlagsins. Við uppfylfum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Aðrar upplýsingar, þ.m.t. skýrsla stjórnar

Stjórn ber ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru skýrsla stjórnar sem lá fyrir við áritun okkar. Álit okkar á ársreikningnum nær ekki til skýrslu stjórnar og við staðfestum hana ekki á neinn hátt.

Í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningi byggðasamlagsins ber okkur að yfirfara aðrar upplýsingar, þegar þær liggja fyrir og meta hvort þær eru í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða skilning sem við höfum aflað við endurskoðunina eða ef svo virðist að verulegar rangfærslur séu í þeim. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Við höfum ekki greint atriði sem ber að greina sérstaklega frá.

Hvað varðar skýrslu stjórnar höfum við, í samræmi við ákvæði 104. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006, yfirfarið að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

### Ábyrgð stjórnar á ársreikningnum

Stjórn er ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn er einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórnendum byggðasamlagsins að meta hæfi þess til áframhaldandi starfsemi. Stjórnendum ber að semja ársreikning byggðasamlagsins á þeirri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema stjórnendur ætli að leysa byggðasamlagið upp eða hætta rekstri þess, eða hafi ekki raunhæft val um annað en að hætta starfsemi byggðasamlagsins. Stjórnendum byggðasamlagsins ber að setja fram viðeigandi skýringar varðandi hæfi þess til áframhaldandi starfsemi ef við á og hvers vegna stjórnendur beita forsendunni um áframhaldandi starfsemi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

## Áritun óháðs endurskoðanda

### Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með álitum okkar. Nægjanleg vissu er mikil vissu en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulega annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallaðar eru á ársreikningnum.

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir álitum okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhætta af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvísandi framsetningu ársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirlit sé sniðgengið.

Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits byggðasamlagsins.

Metum hvort val stjórnenda á reikningsskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra séu raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi byggðasamlagsins eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi þess. Ef við teljum að veruleg óvissa ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í ársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralausum álitum. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að byggðasamlagið verði ekki lengur rekstrarhæft.

Metum framsetningu, gerð og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrirliggjandi færslum og atburðum og gefi glögga mynd samanber álit okkar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp geta komið í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti ef við á.

Laugarvatni, 6. maí 2026

**PricewaterhouseCoopers ehf.**

Ólafur Gestsson  
löggiltur endurskoðandi

Undirritun endurskoðanda er rafræn og er aftast í ársreikningnum.

## Rekstrarreikningur ársins 2025

	Skýringar	2025	Áætlun	2024
<b>Rekstrartekjur</b>				
Þjónustutekjur bygginga- og skipulagsmála .....	3, 4	191.555.570	174.871.992	172.793.838
Seyrumál .....	3, 5	68.363.189	88.908.123	86.379.707
Seld þjónusta .....	3	36.253.833	29.276.214	35.535.599
		<u>296.172.592</u>	<u>293.056.329</u>	<u>294.709.144</u>
<b>Rekstrargjöld</b>				
Laun og launatengd gjöld .....	6	173.495.008	151.729.685	157.196.530
Rekstur húsnæðis .....	7	11.377.417	10.901.745	9.420.176
Rekstur bifreiða .....	8	3.394.689	3.525.812	4.437.285
Sameiginlegur kostnaður .....	9	43.290.846	33.084.879	34.983.818
Rekstur Seyruverkefnis .....	10	51.499.422	71.408.123	65.124.300
Afskriftir .....	12	3.346.174	4.951.000	2.239.050
		<u>286.403.556</u>	<u>275.601.244</u>	<u>273.401.159</u>
<b>Rekstrarhagnaður</b>		9.769.036	17.455.085	21.307.985
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>				
Hreinar fjármunatekjur (fjármagnsgjöld) .....	11	1.123.558	93.915	1.145.934
<b>Hagnaður ársins</b>		<u>10.892.594</u>	<u>17.549.000</u>	<u>22.453.919</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2025

Eignir	Skýringar	2025	2024
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	12		
Bifreiðar .....		5.689.050	6.264.050
Áhöld og tæki .....		19.557.411	6.748.841
		<u>25.246.461</u>	<u>13.012.891</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Óinnheimtar kröfur .....	13	9.281.294	14.605.729
Handbært fé .....	14	39.787.481	75.289.693
		<u>49.068.775</u>	<u>89.895.422</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u><u>74.315.236</u></u>	<u><u>102.908.313</u></u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2025

<b>Eigið fé og skuldir</b>	<b>Skýringar</b>	<b>2025</b>	<b>2024</b>
<b>Eigið fé</b>			
Óráðstafað eigið fé .....	15	33.346.513	22.453.919
<b>Skuldir</b>			
Skammtímaskuldir:	16		
Viðskiptaskuldir .....		6.582.475	4.510.675
Skammtímaskuldir við aðildarsveitarfélög .....		14.537.220	47.193.231
Aðrar skammtímaskuldir .....		19.849.028	28.750.488
		<u>40.968.723</u>	<u>80.454.394</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>74.315.236</u>	<u>102.908.313</u>

## Sjóðstreymi ársins 2025

	Skýringar	2025	2024
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		10.892.594	22.453.919
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	12	3.346.174	2.239.050
		<u>14.238.768</u>	<u>24.692.969</u>
Breytingar rekstartengdra eigna- og skuldaliða:			
Skammtímakröfur .....		5.324.435	(9.032.743)
Skammtímaskuldir .....		<u>(39.485.671)</u>	<u>(3.837.686)</u>
		<u>(34.161.236)</u>	<u>(12.870.429)</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>		<u>(19.922.468)</u>	<u>11.822.540</u>
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	12	(15.579.744)	(6.246.243)
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>		(35.502.212)	5.576.297
Handbært fé í ársbyrjun .....		<u>75.289.693</u>	<u>69.713.396</u>
<b>Handbært fé í árslok</b>		<u><u>39.787.481</u></u>	<u><u>75.289.693</u></u>

# Skýringar

## 1. Almennar upplýsingar

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita bs. er byggðasamlag í eigu Bláskógarbyggðar, Ásahrepps, Flóahrepps, Grímsnes- og Grafningshrepps, Hrunamannahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Byggðasamlaginu er ætlað að sjá um skipulagsmál, byggingarmál og rekstur seyruverkefnis sveitarfélaganna.

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita bs. er með heimilisfesti á Íslandi. Skráð aðsetur samlagsins er að Hverabraut 6, 840 Laugarvatn.

## 2. Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settur fram í íslenskum krónum. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan að öðru leyti en því sem fram kemur hér á eftir. Ársreikningurinn er gerður miðað við áframhaldandi starfsemi.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þetta sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Upplýsingar um reikningsskilaaðferðir helstu liða er að finna í viðeigandi skýringum.

## 3. Innlausn tekna

Tekjur í rekstrarreikningi samanstanda af skiptingu kostnaðar milli aðildar sveitarfélaganna og útseldri þjónustu samkvæmt gjaldskrá. Kostnaði við rekstur byggðasamlagsins er skipt á milli sveitarfélaganna í samræmi við samþykkt byggðasamlagsins frá 15. desember 2021 og breytingum á samþykkt fyrir byggðasamlagið, nr. 35/2022. frá 18. júní 2024.

4. Þjónustutekjur bygginga- og skipulagsmála	2025	2024
Ásahreppur, 8,21% var 6,89% á árinu 2024 .....	15.729.030	11.903.825
Bláskógabyggð, 24,23% var 23,94% á árinu 2024 .....	46.410.792	41.354.980
Flóahreppur, 10,03% var 13,52% á árinu 2024 .....	19.212.297	23.359.020
Grímsnes- og Grafningshreppur, 30,74% var 27,3% á árinu 2024 .....	58.882.419	47.161.198
Hrunamannahreppur, 12,57% var 12,08% á árinu 2024 .....	24.087.836	20.872.344
Skeiða- og Gnúpverjahreppur, 14,22% var 16,29% á árinu 2024 .....	27.233.195	28.142.472
	<u>191.555.570</u>	<u>172.793.838</u>

## Sundurliðun á skiptingu kostnaðar bygginga- og skipulagsmála á milli aðildarsveitarfélaganna:

	Fastur kostnaður	Byggingar- og framkvæmda- leyfisgjöld	Mál í Skipulags- nefnd	Samtals
Ásahreppur, 8,21% .....	6.385.186	3.941.978	5.401.867	15.729.030
Bláskógabyggð, 24,23% .....	6.385.186	18.130.805	21.894.802	46.410.792
Flóahreppur, 10,03% .....	6.385.186	5.854.489	6.972.623	19.212.297
Grímsnes- og Grafningshreppur, 30,74% .....	6.385.186	31.234.565	21.262.668	58.882.419
Hrunamannahreppur, 12,57% .....	6.385.186	9.293.361	8.409.289	24.087.836
Skeiða- og Gnúpverjahreppur, 14,22% .....	6.385.186	8.167.031	12.680.979	27.233.195
	<u>38.311.113</u>	<u>76.622.228</u>	<u>76.622.228</u>	<u>191.555.570</u>

## Skýringar

5. Þjónustutekjur af seyru	2025	2024
Bláskógabyggð, 25,92% .....	17.721.533	25.846.963
Flóahreppur, 15,32% .....	10.474.012	12.752.653
Grímsnes- og Grafningshreppur, 24,02% .....	16.422.659	14.718.186
Hrunamannahreppur, 9,46% .....	6.464.871	7.692.381
Skeiða- og Gnúpverjahreppur, 0,14% .....	93.966	9.183.301
Aðrir, 25,14% .....	17.186.148	16.186.223
	<u>68.363.189</u>	<u>86.379.707</u>

### Sundurliðun á skiptingu kostnaðar seyrumála á milli aðildarsveitarfélaganna:

	Rekstur Seyrustaða	Rekstur hreinsitækja	Rekstur þjónustufulltrúa	Fjárfesting	Samtals
Ásahreppur .....	(48.558)	(96.311)	56.313	311.595	223.039
Bláskógabyggð .....	(872.239)	(3.470.955)	1.436.033	5.297.113	2.389.951
Flóahreppur .....	(1.342.642)	(1.674.314)	701.478	778.987	(1.536.491)
Grímsn.- og Grafningsshr. ....	(977.839)	(4.863.590)	2.005.410	6.699.290	2.863.270
Hrunamannahreppur .....	(817.930)	(1.308.331)	551.846	1.402.177	(172.239)
Skeiða- og Gnúpverjahr. ....	<u>(102.866)</u>	<u>(143.841)</u>	<u>75.746</u>	<u>1.090.582</u>	<u>919.620</u>
	<u>(4.162.074)</u>	<u>(11.557.344)</u>	<u>4.826.825</u>	<u>15.579.744</u>	<u>4.687.151</u>

### 6. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld ársins sundurliðast þannig:	2025	2024
Laun .....	149.176.662	138.436.816
Nefnda- og stjórnarlaun .....	6.455.772	5.616.502
Tryggingargjald .....	11.298.469	10.454.834
Mótframlag í lífeyrissjóð .....	20.623.498	19.059.733
Félagsgjöld .....	5.394.153	4.755.149
Akstur samkvæmt akstursbók .....	1.848.792	1.530.053
Annar starfsmannakostnaður .....	137.768	98.325
Laun og launatengd gjöld vegna seyru .....	<u>(21.440.106)</u>	<u>(22.754.884)</u>
	<u>173.495.008</u>	<u>157.196.528</u>

Fjöldi ársverka á reikningsárinu eru 10,5 en var 11,5 og á árinu 2024.

### 7. Rekstur húsnæðis

Öryggisgæsla .....	0	115.283
Húsaleiga .....	9.164.604	7.111.860
Ræsting .....	1.761.240	1.665.760
Rafmagn .....	348.148	241.141
Hiti .....	<u>103.425</u>	<u>286.132</u>
	<u>11.377.417</u>	<u>9.420.176</u>

### 8. Rekstur bifreiða

Eldsneyti .....	1.309.454	1.314.756
Tryggingar .....	820.054	855.480
Viðhald bifreiða .....	969.572	1.631.752
Bifreiðaskattur .....	<u>295.609</u>	<u>635.297</u>
	<u>3.394.689</u>	<u>4.437.285</u>

## Skýringar

### 9. Sameiginlegur kostnaður

	2025	2024
Pappír prentun og ritföng .....	175.058	63.514
Áhöld og tæki .....	811.934	2.003.889
Kaffivörur .....	697.737	597.009
Hreinlætisvörur .....	93.470	306.050
Sími, internet og burðargjald .....	910.862	840.490
Afnotagjöld búnaður .....	1.447.797	1.250.543
Sérfræðipjónusta og þjónustusamingar .....	28.266.024	19.241.523
Önnur verkkaup .....	2.663.171	3.395.864
Tryggingar .....	557.849	507.386
Ýmis vörukaup .....	360.827	214.040
Auglýsingar .....	4.358.866	5.006.259
Ferðakostnaður .....	0	344.546
Ráðstefna, fundir og risna .....	2.360.328	803.309
Vinnufatnaður .....	0	77.900
Annar kostnaður .....	586.923	331.496
	<u>43.290.846</u>	<u>34.983.818</u>

### 10. Seyruverkefni, annar kostnaður

Laun og launatengd gjöld .....	21.440.106	22.754.884
Kaffivörur .....	75.381	18.517
Rekstur húsnæðis .....	2.688.702	2.187.385
Rekstur bifreiða .....	1.944.421	3.189.791
Áhöld og tæki .....	308.640	1.970.417
Hreinlætisvörur .....	52.010	140.147
Vinnufatnaður .....	265.612	48.298
Önnur vörukaup .....	345.032	1.255.422
Sími og fjarskiptapjónusta .....	277.577	91.740
Fargjöld og ferðakostnaður .....	0	110.154
Ráðstefna fundir og risna .....	70.000	145.000
Vátryggingar .....	1.014.555	95.449
Auglýsingar .....	0	63.126
Seyruhreinsun .....	12.520.110	21.738.379
Önnur þjónustukaup .....	10.497.276	11.314.245
Seðilgjöld og bankakostnaður .....	0	1.348
	<u>51.499.422</u>	<u>65.124.302</u>

### 11. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

Áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnistæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra. Vaxtagjöld eru gjaldfærð við greiðslu.

	2025	2024
Vaxtatekjur .....	1.454.349	1.636.262
Vaxta og þjónustugjöld .....	(22.694)	(134.806)
Fjármagnstekjuskattur .....	(308.097)	(355.522)
	<u>1.123.558</u>	<u>1.145.934</u>

## Skýringar

### 12. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir þeirra greinast þannig:

	Bifreiðar	Áhöld og tæki	Samtals
<b>Árslok 2024:</b>			
Bókfært verð í ársbyrjun .....	8.503.100	502.598	9.005.698
Viðbætur á árinu .....	0	6.246.243	6.246.243
Afskriftir á árinu .....	(2.239.050)	0	(2.239.050)
Bókfært verð í árslok .....	6.264.050	6.748.841	13.012.891
Bókfært verð í árslok 2024 reinist þannig:			
Kostnaðarverð .....	22.390.500	11.272.218	33.662.718
Afskrifað samtals .....	(16.126.450)	(4.523.377)	(20.649.827)
Bókfært verð í árslok .....	6.264.050	6.748.841	13.012.891
<b>Árslok 2025:</b>			
Bókfært verð í ársbyrjun .....	6.264.050	6.748.841	13.012.891
Viðbætur á árinu .....	0	15.579.744	15.579.744
Afskriftir á árinu .....	(575.000)	(2.771.174)	(3.346.174)
Bókfært verð í árslok .....	5.689.050	19.557.411	25.246.461
Bókfært verð í árslok 2025 greinist þannig:			
Kostnaðarverð .....	22.390.500	26.851.962	49.242.462
Afskrifað samtals .....	(16.701.450)	(7.294.551)	(23.996.001)
Bókfært verð í árslok .....	5.689.050	19.557.411	25.246.461

Afskriftir eru reiknaðar samkvæmt beinlínuaðferð til að gjaldfæra mismun á kostnaðarverði og hrakvirði á áætluðum nýtingartíma eignanna sem hér segir:

Bifreiðar .....	10%
Áhöld og tæki .....	20%

Hagnaður og tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði eigna á söludegi og er hluti af rekstrarhagnaði. Þegar eignir eru seldar sem endurmetnar hafa verið sérstaklega, eru fjárhæðir á sérstöku endurmati meðal eigin fjár sem tilheyra viðkomandi eignum millifærðar á óráðstafað eigið fé.

### 13. Óinnheimtar kröfur

Byggðasamlagið innheimtir í umboði aðildarsveitarfélaganna byggingar- og framkvæmdaleyfisgjald. Þessar kröfur og aðrar óinnheimtar kröfur eru færðar á nafnvirði.

### 14. Handbært fé

Handbært fé samkvæmt efnahagsreikningi og sjóðstreymi samanstandur af óbundnum bankainnstæðum.

## Skýringar

### 15. Eigið fé

#### Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

##### Hreyfingar 2025:

Staða í ársbyrjun .....	22.453.919
Hagnaður ársins .....	<u>10.892.594</u>
Staða í árslok .....	33.346.513

### 16. Skammtímaskuldir

Skammtímaskuldir eru færðar á nafnverði.

# Undirritunarsíða

lögiltur endurskoðandi  
Ólafur Gestsson

formaður stjórnar  
Haraldur Þór Jónsson

meðstjórnandi  
Helgi Kjartansson

meðstjórnandi  
Ísleifur Jónasson

meðstjórnandi  
Jón Bjarnason

meðstjórnandi  
Walter Fannar Kristjánsson

meðstjórnandi  
Ása Valdís Árnadóttir